

Skilablað – Héraðssaksóknari - húsnæðismál

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar-eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „**skilagrein**“ eða „**skilablað**“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguþúsnaðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna öflunar á leigu-húsnæði (leiguverkefni).

1 Upphaf verkefnis

Í september 2015 barst beiðni frá Hrafni Hlynssyni í fjármála- og efnahagsráðuneytinu um að Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) ynni frumathugun og þarfagreiningu vegna húsnæðismála nýs embættis héraðssaksóknara.

Verkefnastjóri FSR var Gíslína Guðmundsdóttir.

2 Verklýsing

Verið var að stofna nýtt embætti héraðssaksóknara, sem byggð var að miklu leyti á fyrrverandi embætti sérstaks saksóknara. Fjármála- og efnahags-ráðuneytið fór þess á leit við FSR að unnin yrði ný þarfagreining og frumathugun vegna hins nýja embættis. Verkheitið var Héraðssaksóknari – húsnæðismál – frumathugun/ þarfagreining/ leiga. Bókhalds- og greiðslubjónusta var hjá FSR.

3 Verknúmer

Beiðni um verknúmer er dagsett 10. september 2015 og verkefnið fékk verknúmerið 633 0100.

4 Framvinda

Unnin var vönduð þarfagreining í samvinnu við embætti sérstaks saksóknara, en fyrrverandi sérstakur saksóknari var ráðinn í embætti héraðssaksóknara. Niðurstaða þarfagreiningar var að embættið þarfnaðist um 1.400 fermetra húsnæðis.

Á grundvelli þarfagreiningarinnar vann FSR frumathugun um valkostí í húsnæðismálum fyrir hið nýja embætti. Valkostirnir voru í fyrra lagi að hið nýja embætti yrði áfram í fyrrum húsnæði embættis sérstaks saksóknara í Skúlagötu 17 og í öðru lagi að auglýst yrði eftir húsnæði fyrir embættið.

5 Kostnaður verksins

Kostnaður verkefnisins hjá FSR var 1.847.548 kr.

6 Niðurstaða verkefnis

Þar sem fyrir hendi var tiltölulega hagstæður leigusamningur um húsnæðið að Skúlagötu 17, sem hafði að mörgu leyti verið innrétt að sérstaklega til að þjóna starfsemi fyrrverandi embætti sérstaks saksóknara, meðal annars með sérútbúnun yfirheyrluherbergjum og fleira, og staðsetning hússins var einnig ákjósanleg, þá var lagt til að reynt yrði að ná samningi við leigusala þar um áframhaldandi leigu ríkisins fyrir hið nýja embætti héraðssaksóknara.

7 Ákvörðun verkkaupa


Ákvörðun þeirra ráðuneyta sem að málínu stóðu, það er fragráðuneytisins / dómsmálaráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis, í júní 2016, var að gengið yrði til samninga við leigusala í Skúlagötu 17, sem eru Reitir.

8 Verklok

Verkefninu lauk í júlí 2016 með framlengingu núverandi leigusamnings við Reiti. Frágangur samnings og umsjón með honum er hjá Ríkiseignum.

9 Staðfesting skilablaðs

Undirrituð staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Hafsteinn S. Hafsteinsson, forstjóri, settur



Gíslína Guðmundsdóttir verkefnastjóri